

Borgarráð
Tjarnargata 11
101 Reykjavík.

Málsnr.: R16070078
Skjalasafn Ráðhúss
19. júlí 2016
Bréfalykill: 174

Reykjavík, 13. júlí 2016.

KÆRA
á ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar

Kærandi: Áveitan ehf., kt. 560198-2219

Kærði: Reykjavíkurborg (Innkauparáð Reykjavíkurborgar)

Kæruefni: Ákvörðun um val tilboðs í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal - endurnýjun á frystikerfi.

Kröfur.

Þess er *aðallega* krafist að ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar 24. júní 2016 um að velja tilboð Frostmarks ehf. í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal – endurnýjun á frystikerfi, verði ógilt.

Þess er *til vara* krafist að úrskurðað verði að ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar 24. júní 2016 um að velja tilboð Frostmarks ehf. í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal – endurnýjun á frystikerfi, hafi verið ólögmat.

Þess er í báðum tilvikum krafist að kærði greiði kæranda málskostnað vegna kærumsálsins.

Málflutningsumboð.

Daníel Isebarn Ágústsson hrl., daniel@msr.is, Málflutningsstofu Reykjavíkur, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fer með málið fyrir kæranda.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Í maí 2016 auglýsti innkaupadeild/innkauparáð Reykjavíkurborgar útboð nr. 13737, Skautahöllin í Laugardagl – Endurnýjun á frystikerfi.

Í útboðsgögnum kom skýrt fram að frávikstilboð væru ekki heimiluð.

Tilboð voru opnuð 31. maí 2016 og skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboðum, annars vegar kærandi og hins vegar Frostmark ehf. sem skilaði frávikstilboði.

Frostmark ehf. bauð 450 KW skrófubjöppu og ekkert annað, en í útboðinu var óskað eftir tilboðum í 400 og 500 KW skrófubjöppur og 400 og 500 KW skrollbjöppur. Engar breytingar voru gerðar á þessu á útboðsferlinu. Tilboð Frostmarks ehf. var því ekki í samræmi við það sem óskað var eftir með útboðinu.


Hinn 24. júní 2016 samþykkti kærði að gengið yrði að tilboði Frostmarks ehf. þrátt fyrir að það væri frávikstilboð og þrátt fyrir að slík tilboð væru óheimil.

Samkvæmt framangreindu var ákvörðun innkaupadeildar ólögsmæt enda var tekið tilboði sem var frávikstilboð en slík tilboð voru óheimil. Innkaupadeildinni bar að vísa hinu ólögsmæta tilboði frá sem ógildu í stað þess að taka því.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari kröfum, málsástæðum, lagarökum og gögnum að fengnum skýringum innkauparáðs.

f.h. kæranda,


Daniel Isebarn Agústsón hrl.

**Borgarráð
Tjarnargata 11
101 Reykjavík.**

Reykjavík, 13. júlí 2016.

**KÆRA
á ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar**

Kærandi: Áveitan ehf., kt. 560198-2219

Kærði: Reykjavíkurborg (Innkauparáð Reykjavíkurborgar)

Kæruefni: Ákvörðun um val tilboðs í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal - endurnýjun á frystikerfi.

Kröfur.

Þess er *aðallega* krafist að ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar 24. júní 2016 um að velja tilboð Frostmarks ehf. í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal – endurnýjun á frystikerfi, verði ógilt.

Þess er *til vara* krafist að úrskurðað verði að ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkurborgar 24. júní 2016 um að velja tilboð Frostmarks ehf. í útboði nr. 13737, Skautahöllin Laugardal – endurnýjun á frystikerfi, hafi verið ólögmat.

Þess er í báðum tilvikum krafist að kærði greiði kæranda málskostnað vegna kærumálsins.

Málflutningsumboð.

Daníel Isebarn Ágústsson hrl., daniel@msr.is, Málflutningsstofu Reykjavíkur, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fer með málið fyrir kæranda.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Í maí 2016 auglýsti innkaupadeild/innkauparáð Reykjavíkurborgar útboð nr. 13737, Skautahöllin í Laugardagl – Endurnýjun á frystikerfi.

Í útboðsgögnum kom skýrt fram að frávikstilboð væru ekki heimiluð.

Tilboð voru opnuð 31. maí 2016 og skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboðum, annars vegar kærandi og hins vegar Frostmark ehf. sem skilaði frávikstilboði.

Frostmark ehf. bauð 450 KW skrófupjöppu og ekkert annað, en í útboðinu var óskað eftir tilboðum í 400 og 500 KW skrófupjöppur og 400 og 500 KW skrollpjöppur. Engar breytingar voru gerðar á þessu á útboðsferlinu. Tilboð Frostmarks ehf. var því ekki í samræmi við það sem óskað var eftir með útboðinu.


Hinn 24. júní 2016 samþykkti kærði að gengið yrði að tilboði Frostmarks ehf. þrátt fyrir að það væri frávikstilboð og þrátt fyrir að slík tilboð væru óheimil.

Samkvæmt framangreindu var ákvörðun innkaupadeildar ólögsmæt enda var tekið tilboði sem var frávikstilboð en slík tilboð vöru óheimil. Innkaupadeildinni bar að vísa hinu ólögsmæta tilboði frá sem ógildu í stað þess að taka því.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari kröfum, málsástæðum, lagarökum og gögnum að fengnum skýringum innkauparáðs.

f.h. kæranda,


Daniel Isebarn Ágústsson hrl.

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar barst umsagnarbeiðni frá Skrifstofu borgarstjórnar með tölvupósti þann 9. ágúst sl., vegna kæru Áveitunar ehf. til borgarráðs varðandi niðurstöðu útboðs nr. 13737 Skautahöllin í Laugardal, endurnýjun á frystikerfi.

Samkvæmt 39. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar geta bjóðendur eða seljendur vöru beint kvörtun til borgarráðs telji þeir að innkauparáð hafi með ákvörðun sinni brotið á rétti þeirra eða að meðferð innkaupamáls hjá innkauparáði hafi verið ábótavant. Kvörtun skal berast innkauparáði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Varði kvörtun ákvörðun innkauparáðs skal henni þó beint til borgarráðs. Til skoðunar kemur hvort að kærán hafi borist innan tilskilins frests. Ákvörðun sem um ræðir er tilkynning um val á tilboði dags. 24. júní sl., síðasti dagur til að senda inn kæru innan frests var 14. júlí sl. en kærán barst 19. júlí sl. Kærán telst því of seint framkomin og er lagt til við borgarráð að vísa henni frá sökum þess.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu þykir rétt að upplýsa borgarráð um afstöðu innkaupadeildar til þeirra atriða sem fram koma í kæru. Í kærinni er *adallega* krafist að tilboð Frostmarks ehf. verði gert ógilt og *til vara* er krafist að tilboð Frostmarks ehf. verði úrskurðað ólögmaett. Í báðum tilvikum er krafist að kærði greiði kæranda málskostnað vegna kærú málsins.

Með útboði nr. 13737 var óskað eftir tilboðum í endurnýjun á frystikerfi í Skautahöllina í Laugardal. Tilboð voru opnuð 31. maí sl. og skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboðum, annars vegar Frostmark ehf. sem átti lægra tilboð, sem var bókað sem frávik og hins vegar frá Áveitan ehf. sem átti herra tilboð.

1	Frostmark ehf.	Frávik	450 kW Skríufúþjöppur	kr.	68.102.214
2	Áveitan ehf.		500 kW skríufúþjöppur	kr.	116.131.460
			500 kW skrollþjöppur	kr.	103.239.438
			400 kW skríufúþjöppur	kr.	110.530.777
			400 kW skrollþjöppur	kr.	100.263.438

Kærandi byggir á því í kæru sinni að í útboðsgögnum komi skýrt fram að frávikstilboð væru ekki heimiluð, að Frostmark ehf. hafi boðið 450 KW skríufúþjöppu og ekkert annað, en í útboðinu var óskað eftir tilboðum í 400 og 500 KW skríufúþjöppu og 400 og 500 KW skrollþjöppu. Bendir kærandi á að engar breytingar voru gerðar á þessu á útboðsferlinu og að

tilboð Frostmarks ehf. hafi því ekki verið í samræmi við það sem óskað var eftir með útboðinu.

Í meðfylgjandi minnisblaði EFLU verkfræðistofu til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar varðandi yfirferð tilboða kom m.a. fram: Frostmark býður aðeins í einn lið útboðsins af fjórum, þ.e. 450 kW Skrúfuþjöppusamstæðu. Í kafla 1.2.1 í útboðsgögnum er m.a. óskað eftir tilboði í skrúfuþjöppusamstæðu með „400 kW kæligeta við -12/+35 kW“.

EFLA lítur svo á að þegar óskað er eftir 400 kW kæligetu sé átt við að þjöppusamstæðan sé a.m.k. 400 kW því ekki er hægt að reikna með að samstæðan sé nákvæmlega 400 kW vegna staðlaðrar framleiðslu á þjöppunum.

Því metur EFLA það svo að tilboð Frostmark falli undir skrúfuþjöppusamstæðu með 400 kW kæligetu, liður 1.2.1.3 í útboðsgögnum. Í sömu grein í útboðsgögnum er óskað eftir að þjöppusamstæðan sé með a.m.k. með tveimur skrúfuþjöppum og 8 þrepa stýringu sem tæknilýsing og einlínummynd í fylgiskjölum með tilboði Frostmarks uppfyllir með tveimur 4 þrepa þjöppum, 8 þrep í heildina. Í greinagerð með tilboði Frostmarks kemur fram að „Frostmark býður samkvæmt gögnum og kröfum sem fram koma í útboðslýsingu vegna þessa verks sem þó kann að einhverju leita að skarast á við tæknilýsingu framleiðanda búnaðarins.

Það er því mat EFLU að Frostmark uppfylli allar kröfur í útboðslýsingu m.a. varðandi útvegum á búnaði sem óskað var eftir í útboðsgögnum.

Við opnun tilboða var tilboð Frostmarks flokkað sem frávikstilboð þar sem frystigeta er 450 kW. Tilboðið fellur í raun undir 400 kW skrúfuþjöppusamstæðu og er því ekki frávikstilboð af þeim sökum þar sem frystigeta þjöppusamstæða er aldrei á pari við það sem óskað er nákvæmlega eftir vegna staðlaðrar framleiðslu á þjöppum. Niðurstaða EFLU eftir yfirferð tilboða er að tilboð Frostmarks er töluvert hagkvæmara en tilboð Áveitunnar.


Í ljósi framangreinds tók innkauparáð ákvörðun um val á lágsta gilda tilboði í útboðinu á fundi sínum 24. júní 2016 og var bjóðendum tilkynnt um þá niðurstöðu sama dag. Samkvæmt 19. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 telst samningur kominn á eftir að kaupandi hefur tilkynnt formlega um að kominn sé á samningur á milli kaupanda og bjóðanda á grundvelli þess efnis sem útboðsgögn og tilboð kveða á um. Þar sem bindandi samningur er kominn á verður honum ekki rift nema til komi verulegar vanefndir á samningsskyldum.

Niðurlag

Áréttað er að innkaupadeild telur engin rök mæla með því að verða við kröfum Áveitunar ehf. enda var rétt staðið að fyrrgreindu útboðsferli með tilliti til laga um útboð, innkaupareglna Reykjavíkurborgar og ákvæðum útboðsgagna.

Innkaupadeild leggur til við Borgarráð að kröfum Áveitunar ehf. verði vísað frá.

Virðingarfyllst



Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir
deildarstjóri innkaupadeildar

MINNISBLAÐ		
Verknúmer 2200-621	Verkkaupi Reykjavíkurborg	Dagsetning 14.06.2016
Verkheiti Endurnýjun á frystikerfi Skautahallarinnar		
Málefni Niðurstaða tilboða		
Sendandi Rúnar Magnússon og Smári Guðfinnsson		
Dreifing Kristjón Jónsson og Agnar Guðlaugsson		

1 Niðurstaða tilboða

Tvö tilboð bárust í verkið, annars vegar frávikstilboð frá Frostmark og tilboð frá Áveitan ehf.. Niðurstaða tilboða ásamt kostnaðaráætlun má sjá í eftirfarandi töflu:

Þjófendur:		Tilboðsverð við opnun		Hlutfall af kostnaðaráætlun	
1	Frostmark ehf	Frávik	450 kW Skrófupjöppur	68.102.214	86%
2	Áveitan ehf		500 kW Skrófupjöppur	116.131.460	133%
			500 kW Skrollþjöppur	103.239.438	124%
			400 kW Skrófupjöppur	110.530.777	139%
			400 kW Skrollþjöppur	100.263.438	135%
3	Kostnaðaráætlun		500 kW Skrófupjöppur	87.600.000	100%
			500 kW Skrollþjöppur	82.962.400	100%
			400 kW Skrófupjöppur	79.488.600	100%
			400 kW Skrollþjöppur	74.526.300	100%

1.1 Frostmark

Frostmark býður aðeins í einn lið útboðsins af fjórum, þ.e. 450 kW Skrófupjöppusamstæðu. Í kafla 1.2.1 í útboðsgögnum er m.a. óskað eftir tilboði í Skrófupjöppusamstæðu með „400 kW kæligeta við -12/+35 kW“ (kafla 1.2.1.3). EFLA lýtur svo á að þegar óskað er eftir 400 kW kæligetu sé átt við að þjöppusamstæðan sé a.m.k. 400 kW því ekki er hægt að reikna með að samstæðan sé nákvæmlega 400 kW vegna staðlaðrar framleiðslu á þjöppunum. Því metur EFLA það svo að tilboð Frostmark falli undir Skrófupjöppusamstæðu með 400 kW kæligetu, liður 1.2.1.3 í útboðsgögnum, eins og tilboðið er sett upp af Frostmark.

Í sömu grein (1.2.1.3) í útboðsgögnum er óskað eftir að þjöppusamstæðan sé með a.m.k. með tveimur skrófupjöppum og 8 þrepa stýringu sem tæknilysing og einlínmynd í fylgiskjölum með tilboði Frostmarks uppfyllir með tveimur 4 þrepa þjöppum, 8 þrep í heildina.

Í magnskrá vantar einingarverð fyrir útvegum á loftkælum(liður 1.2.2.) og dælum, lokum og öðrum tengibúnaði (liður 1.2.3.). Í greinagerð sem fylgdi með tilboðinu kemur fram að „Liður 1.2 í tilboðsskrá sé inn í pakknum frá Finnunum.“ Með „Finnunum“ er átt við framleiðanda samstæðunnar og metur EFLA sem svo að allur búnaður sem óskað er eftir í kafla 1.2 í útboðsgögnum sé innifalinn í magntölulið 1.2 eða 49.096.000 kr. m.vsk.

Í greinagerð með tilboði Frostmark kemur fram að dælur séu innifaldar í tilboðinu en ekki hraðabreytar og að verð hækki um 1.860.000 kr ef þeir bætast við. Í almennri lýsingu fyrir dælur í kafla 1.2.3. í útboðsgögnum kemur fram að „Hraðastýring (tíðnibreytir) skal fylgja dælum þar sem það er skilgreint á teikningu og í magnskrá“. Á einlínmynd, magnskrá og í lýsingu fyrir dælur á kaldri hringrás í kafla 1.2.3. í útboðsgögnum er óskað eftir riðabreytum á 2 hringrásardælur á kaldri hringrás og því þarf að bæta kostnaði tíðnibreytanna við tilboðið frá Frostmark.

Í fylgiskjöllum með tilboði Frostmarks er lýsing frá framleiðanda skrófubjöppusamstæðunnar þar sem loftkælum, dælum, lokum og fleiru er lýst að hluta til. Í greinagerð með tilboði Frostmarks kemur fram að „Frostmark bíður samkvæmt gögnum og kröfum sem fram koma í útboðslýsingu vegna þessa verks sem þó kann að einhverju leita að skarast á við tæknilýsingu Finnana (innskot: framleiðanda búnaðarins).“ Það er því skilningur EFLU að Frostmark uppfylli allar kröfur í útboðslýsingu m.a. varðandi útvegum á búnaði sem er ekki sérstaklega tilgreindur á einlínmynd eða með einingarverð í magnskrá. Heildarupphæð tilboðs Frostmarks til samanburðar er því 69.962.214 kr. með vsk. með hraðabreytum.

Frostmark reiknar með að búnaður komi á verkstað 16. Ágúst m.v. að pöntun liggi fyrir 1. Júní og ef það gengur upp ætti verkið að klárast fyrir 19. Ágúst sem eru sett verklok. Ræða þarf prófunartíma kerfisins og þá hvort að hægt sé að byrja að byggja up svell þó svo einstakar prófanir á kerfinu séu eftir.

1.2 Áveitan

Eftir yfirferð yfir tilboð Áveitunnar og fylgiskjöl virðist allt vera til staðar fyrir skrollbjöppusamstæður en Skrófubjöppusamstæðurnar ná ekki að vera komnar til landsins innan tilgreinds verktíma. Ekki eru uppgefnar nákvæmar tækniupplýsingar fyrir allar bjöppusamstæðurnar heldur aðeins eina skrollbjöppusamstæðu sem er 2x 220 kW eða 440 kW og fellur undir 400 kW Skrollbjöppusamstæðu af sömu ástæðum og tilboð Frostmarks. Tekið er fram að reiknað sé með tveimur kælisamstæðum af meðfylgjandi gerð eða sambærilegri. Ekki fylgdi með nákvæm einlínmynd af kerfinu en tengimynd/grunnmynd af tengingu á bjöppum, loftkælum og dælum fylgdi með og er sú mynd fullnægjandi.

2 Niðurstaða

Tilboð Frostmarks er töluvert hagkvæmara en tilboð Áveitunnar. Við opnun tilboða var tilboð Frostmarks flokkað sem frávikstilboð þar sem frystigeta er 450 kW. Tilboðið fellur í raun undir 400 kW Skrófubjöppusamstæðu og er því ekki frávikstilboð af þeim sökum þar sem frystigeta bjöppusamstæða er aldrei á pari við það sem óskað er nákvæmlega eftir vegna staðlaðrar framleiðslu á bjöppum. Hins vegar vantar einingarverð í magnskrá en í ljósi greinagerðar og fylgiskjala með tilboði Frostmarks er það skilningur EFLU að allur búnaður sé innifalinn og öllum kröfum í útboðslýsingu sé uppfyllt. Tilboð Áveitunnar í Skrollbjöppusamstæður nást fyrir settann verktíma og eru því gild. Líftill verðmunur er á milli 400 kW og 500 kW Skrollbjöppusamstæðanna hjá Áveitunni.

Niðurstaðan er því að taka tilboði Frostmarks með hraðabreytum ef viðbótargögn er varðar skil á opinberum gögnum og lífeyrissjóðsskuldbindingum er uppfyllt.